

AUGLÝSING

107

14. júní

um breyting á reglugerð um Rafveitusjóð Rangárvallasýslu, nr. 120 10. júlí 1947.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunngjaldsskyldt (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess, og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. gr.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunngjaldsskyld (úti-hús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugargjald hundraðshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. gr., og fellur í gjalddaga þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þess konar fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera 1000 krónur af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og auk þess 2000 krónur af hverju býi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunngjald skal greiða 60 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 55000 króna matsverði, 20 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 55000 krónur allt að 500000 króna matsverði og 5 af hundraði af því, sem er þar fram yfir, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulína veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina áður en heimtaugargjald fellur í gjalddaga, skal þó miða við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsg. r., skulu heimtaugargjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.